

Miðvikudaginn 25. nóvember 1959.

Nr. 179/1959. **Ákærvaldið** (Kristinn Gunnarsson hrl.)

gegn

Unni Brynjólfsdóttur

og

Garðari Jónssyni (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Áfengislagabrot. Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi, og brot ákærðu varða við þau refsíákvæði, sem þar greinir. Þykir refsing ákærðu, Unnar Brynjólfsdóttur, hæfilega ákveðin kr. 1.000,00 sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga, nr 26/1958, að svipta ákærðu, Unni, ökuleyfi bifreiðarstjóra 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða, Garðars Jónssonar, þykir hæfilega ákveðin kr. 1.500,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt með skírskotun til sömu lagaboða og að framan greinir að svipta ákærða, Garðar, rétti til að öðlast ökuleyfi bifreiðarstjóra 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, sem ákveðast kr. 1.200,00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærða, Unnur Brynjólfsdóttir, greiði kr. 1.000,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hún skal svipt ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði, Garðar Jónsson, sæti kr. 1.500,00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal í 6 mánuði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra í héraði, Ásbergs Sigurðssonar lögfræðings, kr. 1.200,00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristins Gunnarssonar og Gústafs Ólafssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 3. júní 1959.

Ár 1959, miðvikudaginn 3. júní, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem tekið var til dóms 21. maí sl.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 9. sept. 1958, höfðað 1. gegn ákærðu, Unni Brynjólfsdóttur húsfreyju, Hnífsdalsvegi 13, Ísafirði, fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 20. maí 1958 ekið eða reynt að aka bifreiðinni Í-235 nokkurn spöl á Mosfellsheiði, þó að hún væri undir áhrifum áfengis, 2. gegn ákærða, Garðari Jónssyni sjómanni, Hnífsdalsvegi 13, Ísafirði, fyrir að hafa sömu nótt ekið bifreiðinni Í-235 nokkurn kafla á Mosfellsheiði, þótt hann væri undir áhrifum áfengis og hefði ekki bifreiðarstjóraréttindi.

Brot hinna ákærðu þykja varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 og 2. mgr. 4. gr.,

sbr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, sbr. nú 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958.

Auk þess þykir brot ákærða, Garðars, varða við 1. mgr. 20. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, sbr. nú 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að bæði hin ákærðu verði dæmd til refsingar, að ákærða, Unnur, verði dæmd til sviptingar ökuleyfis og ákærði, Garðar, til sviptingar réttarins til að öðlast ökuleyfi samkv. 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. nú 81. gr. laga nr. 26/1958. Enn fremur er þess krafizt, að bæði hin ákærðu verði dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða, Unnur Brynjólfsdóttir, er fædd 3. nóvember 1933 í Reykjavík og hefur ekki sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé. Hún hefur ökuskírteini, gefið út af lögreglustjóranum í Reykjavík 9. júní 1956.

Ákærði, Garðar Jónsson, er fæddur 21. maí 1931 á Ísafirði.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1. 1952 28/4 Ísafjörður. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga og 106. gr. hegningarlaga.

2. 1954 20/1 Ísafjörður. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

3. 1955 3/3 Ísafjörður. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málsatvik eru þau, að 20. maí 1958 kl. 7.50 kom á lögreglustöðina í Reykjavík bifreiðarstjórinn Eiríkur Tryggvason. Með honum í bifreið hans voru ákærða og Sigurlaug Fjeldsted. Stúlkurnar hafði Eiríkur tekið í bifreið sína fyrir neðan Gljúfrastein í Mosfellssveit. Einnig tók hann þar í bifreiðina þann ákærða, Garðar, og Gunnar Gígju. Karlmennirnir lentu í deilum og var vísað út úr bílnum. Þetta fólk hafði verið í bifreiðinni Í-235, og hafði henni verið ekið út af veginum austan við Gljúfrastein. Gunnar mun hafa ekið bifreiðinni, er hún fór út af. Þrír lögreglumenn voru sendir til að leita að Garðari og Gunnari. Stúlkurnar virtust vera undir áhrifum áfengis, er þær voru fluttar til rannsóknarlögreglunnar að Fríkirkjuvegi 11 í Reykjavík. Nú verða raktir framburðir ákærðu og vitnisburður Sigurlaugar Fjeldsted.

Sigurlaug hefur skýrt svo frá, að þau Unnur og Garðar hafi heimsótt hana 19. maí 1958 um kl. 20.00. Gunnar Gígja var þá ekki heima, en kom úr vinnu um kl. 23. Kom hann akandi á bifreið Í-235, sem var eign mágs Gunnars á Ísafirði. Ákærðu, Garðar og Unnur, voru allsgáð, þegar þau komu í heimsóknina.

Síðan fóru þau öll fjögur á dansleik, en að honum loknum fóru þau í ökuferð á Í-235. Gunnar ók bílnum fyrst, en síðan stjórnaði Garðar honum um hrið, eftir að komið var út úr bænum. Unnur ók einnig smáspotta í Mosfellssveit. Ákærðu, Unnur og Garðar voru bæði með áfengisáhrifum, þegar þessi akstur fór fram. Á leið í bæinn ók Gunnar bifreiðinni út af veginum.

Ákærða, Unnur Brynjólfsdóttir, hefur skýrt svo frá:

Á dansleiknum í Þórskaffi neyttu þau öll áfengis. Þegar honum lauk um kl. 1, ók Gunnar þeim að bílaverkstæði Björns Gígju. Þar var höfð klukkustundar viðdvöl. Síðan var ekið upp í Mosfellssveit. Fyrir ofan Gljúfrastein spurði ákærða Gunnar, hvort hún ætti ekki að hvíla hann við aksturinn, og varð það úr, að hún settist undir stýri. Hún reyndi að koma bifreiðinni í gang, en tókst ekki, þótt hún gerði tvær tilraunir. Hvarf hún þá aftur frá stýrinu, en Gunnar tók við. — Skömmu síðar ók hann út af veginum. Þau voru öll nokkuð undir áhrifum áfengis, en ekkert mikið drukkin. Bíl bar þarna að, sem flutti þær stúlkurnar í bæinn, en Garðar og Gunnar lét hann aftur fara úr bílnum og skildi þá eftir á veginum. Ákærða skýrði enn fremur frá því, að þau hefðu drukkið áfengi úr 2 bjórflöskum á dansleiknum og bílaverkstæðinu. Gunnar hefði ekið bílnum allan tímann nema hvað hún reyndi að aka. Þó gæti hugsagt, að Garðar hefði tekið við stjórn bifreiðarinnar, án þess að hún vissi það.

Gunnar Gígja skýrði frá því, að eftir dansleikinn hefðu þau farið í bifreiðaverkstæði Björns Gígju, en síðan í ökuferð. Þegar þau komu aftur til Reykjavíkur úr þeirri ferð, voru keyptar tvær hálfflöskur af ákavíti og síðan ekið upp í Mosfellssveit. Þar vildi Unnur fá að stýra bílnum, en henni fórst það svo óhöndulega, að Gunnar kvaðst hafa rofið sambandið með því að snúa kveikjulyklinum. Hafi hún þá ekið um 50 m, en þá var vélín búin að drepa tvisvar á sér, áður en henni tókst að komast af stað, en af því að honum fannst hún aka of hratt, hindraði hann frekari akstur með því að drepa á vélinni. Garðar vildi einnig reyna bifreiðina, en hann hafði svo sem ekkert ekið henni, aðeins örfáa metra og skrykkjótt. Stuttu eftir að snúið var við, ók Gunnar út af veginum. Hann kvaðst hafa verið með áfengisáhrifum og eins farþegarnir. Hafi þau verið búin að drekka úr annarri flöskunni, sem keypt var, áður en lagt var af stað, og eitthvað byrjuð á hinni. En þeir Garðar tæmdu hana, eftir að stúlkurnar voru farnar.

Ákærði, Garðar Jónsson, hefur skýrt frá því, að þau hafi farið

í ökuferð, eftir að dansleiknum lauk. Fyrst hafi verið farið í bifreiðaverkstæði við Sogaveg, en síðan ekið til Hafnarfjarðar. Áfengi var með í ökuförinni, og voru þau öll sætkennd. Þegar þau komu frá Hafnarfirði, var náð í meira vín og haldið upp í Mosfellssveit og vinsins neytt á leiðinni. Gunnar hafði stjórn að bifreiðinni, en uppi í Mosfellssveit hafi Unnur reynt að aka. Sá akstur varð að engu, sökum þess að henni heppnaðist ekki að ræsa vélina.

Ákærði bað Gunnar að leyfa sér að aka bifreiðinni. Gunnar valdi beinan kafla á veginum og fékk ákærða stjórn bifreiðarinnar og leiðbeindi honum. Kvaðst ákærði hafa ekið um 10 faðma leið. Síðan hefur hann haldið því fram, að hann hafi ekki stjórnað bifreiðinni í þeirri merkingu, að um bifreiðarstjórn hafi verið að ræða. Gunnar hefði stýrt bifreiðinni með annarri hendi og haft fótinn á benzíngjöfinni, en ákærði að vísu haft báðar hendur á stýrishjólinu. Ákærði sagði, að þeir hefðu báðir verið undir áfengisáhrifum, er þessi ökutílaun fór fram. Ekki kvaðst ákærði hafa vitað, að Gunnar hefði verið sviptur öku leyfi, en Gunnar hefði vitað, að ákærði hafði ekki ökuréttindi.

Vitnið Jón Ólafur Guðbjörnsson aðstoðaði við að draga bifreiðina Í-235 upp á veginn og síðan lögregluna við að leita bifreiðina uppi. Vitnið kvað þá félaga hafa verið undir áhrifum áfengis.

Bifreiðin fannst við Naustanes í Kollafirði, og voru þeir ákærði og Gunnar handteknir og færðir í lögreglustöðina í Reykjavík.

I.

Ákærðu, Unnur og Garðar, hafa haldið því fram, að hún hafi ekki getað ræst bifreiðina Í-235 þrátt fyrir tílraunir í þá átt. Á hinn bóginn hefur Gunnar Gígja borið það, að ákærða hafi ekið bifreiðinni um 50 m, en þá hafi hann stöðvað vélina til að aftra frekari akstri, af því að hún hafi ekið fullhratt. Vitnið Sigurlaug Fjeldsted kvað ákærðu hafa ekið spottakorn uppi í Mosfellssveit. Þessum vitnisburði hefur ákærða mótmælt sem röngum. Í málinu hefur ákærða jatað að hafa verið undir áhrifum áfengis, og einnig hafa komið fram upplýsingar um það, að ákærða hafi neytt áfengis, áður en þessi tílraun til aksturs átti sér stað, og verið undir áhrifum áfengis, er hún kom í lögreglustöðina.

Gegn mótmælum ákærðu þykja þó ekki komnar fram fullnægjandi sannanir fyrir því, að ákærða hafi gert annað eða meira en tílraunir til aksturs í þetta skipti.

Með þessu atferli hefur ákærða gerzt brotleg við 24., sbr. 45. gr. áfengislaga, 23., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 2. gr. 1. nr. 6/1951, sbr. nú 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 300,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ekki þykir ástæða til að svipta hana ökuleyfi.

II.

Ákærði, Garðar Jónsson, hefur viðurkennt að hafa haldið um stýri og setið undir stýri bifreiðarinnar, en þó ekki stjórnað henni sjálfstætt. Á hinn bóginn hefur vitnið Sigurlaug Fjeldsted borið það, að ákærði hafi stjórnað bifreiðinni um hríð, eftir að kom út úr bænum. Gunnar Gígja kvað ákærða hafa ekið aðeins nokkra metra mjög skrykkjótt. Af þessum framburðum er ljóst, að ákærði hefur gert tilraun til að aka bifreiðinni. Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið með áfengisáhrifum þessa nótt. Engin rannsókn fór þó fram á áfengisinnihaldi í blóði hans. Upplýst er, að ákærði hafði ekki öðlast ökuleyfi.

Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 24., sbr. 45. gr. áfengislaga, 23., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, sbr. nú 25., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og 20., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. nú 27., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 500,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ekki þykir ástæða til að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærðu greiði in solidum kostnað málsins, þar á meðal 500,00 krónur í málsvarnarlaun til Ásbergs Sigurðssonar lögfræðings, skipaðs verjanda síns.

Dómsorð:

Ákærða, Unnur Brynjólfsdóttir, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði, Garðar Jónsson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði in solidum kostnað málsins, þar á meðal

kr. 500,00 til Ásbergs Sigurðssonar lögfræðings, skipaðs verjanda síns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. nóvember 1959.

Nr. 136/1959. **Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakarís**
 gegn
Ragnari Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakarís, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. nóvember 1959.

Nr. 142/1959. **Ingolf Petersen**
 gegn
Ragnari Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
